

mjög svangur. Fáir ég tvær steiktar kartöflur og eina brauðsneið, þá er það nóg fyrir mig. En það er mjög leiðinlegt, að við skulum vera eins fátæk og einmana og við erum".

"Já, sonur minn", sagði frú Sterner með tárin í augunum, "við erum fátæk og einmana, eins og þú segir, en við skulum elska og aðstoða hvort annað, — er það ekki?"

"Eilíflega, mamma", sagði drengurinn og hallaðist að brjóstum hennar, "ég skal ávalt elska þig, og þegar ég verð stór og eignast hús, eins fallett og það, sem við höfðum áður en við urðum fátæk, þá áttu að flytja til mín og búa hjá litla Móríts þínum, og þá skaltu fá blómagarð, sem þér þykir svo vænt um, til að ganga um þér til skemtunar".

Móðir hans gat ekki svarað sökum hrygðar, en þrýsti honum fastara að hjarta sínu.

"Elsku barnið mitt", sagði hún loks með veikri rödd, "ég valdi mér auðnaðist, að sjá þig sælurikan og óháðan, þá skyldi ég ánægð loka augum mínum, en grunur minn segir mér, að við verðum bráðum að skilja, Móríts minn".

"Skilja, nei, aldrei".

"Jú, vinur minn, — móðir þín verður að yfirgefa þig. Hún flytur í annan heim, til að leita hans, sem hún hefir elskað, og sem er farinn þangað á undan henni, — en augu hennar skulu ávalt vaka yfir þér, og hún mun gleðjast, þegar þér gengur vel, en hryggjast, þegar þér liður illa".

"Nei, mamma", sagði drengurinn kjökrandi, "talaðu ekki þannig. — Þú mátt ekki fara burt frá Móríts þínum, sem elskar þig svo innilega. — — Mikli drottinn! hvað ætti þá að verða af mér?"

"Jæja, við skulum þá tala um annað. Sorgin kemur nógu snemma. Segðu mér nú, hvað þú varst að gera í skóginum svona lengi?"